

Spurt og svarað

Hvenær er skólasetning og hvernig er fyrsti skóladagurinn?

- Skólasetning er 22. ágúst, kl. 09:30 í Kvosinni (gengið inn um aðalinngang skólans við Þórunnarstræti). Forráðafólk er hvatt til að koma með. Að lokinni skólasetningu hitta umsjónarkennarar bekkina sína og kynningarfundur er fyrir forráðafólk (og einnig aðalfundur foreldrafélagsins). Dagskránni lýkur um kl. 11
- Eftir hádegi verður kynning á tölvukerfinu og aðstoð við að komast inn í kerfið
- Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá 23. ágúst

Hvenær get ég séð bekkinn minn og stundatöfluna?

- INNA.is er upplýsingakerfi framhaldsskólanna og þar er stundatafla, bekkurinn og fleira. Opnað verður fyrir INNU 17. ágúst

Hvernig kemst ég í inn í INNU?

- Til að komast inn í INNU þarf rafræn skilríki eða íslykil
- INNA er mikilvæg því þar birtist stundataflan, bókalisti, próftafla og mætingaskráning og fleira

Hvernig tengist ég tölvupósti og tölvukerfi MA?

- allar helstu upplýsingar eru í tölvupósti sem er sendur út fyrir skólabyrjun á það netfang sem skráð var með umsókn
- svo verður líka aðstoð í boði kl 13:00 mánudaginn 22. ágúst
- starfsfólk á bókasafni veitir ýmsa aðstoð t.d. varðandi ritvinnslu
- tölvuaðstoð er í boði á bókasafninu (stundatafla verður hengd upp á töfluna á bókasafninu)

Hvar sé ég hvaða námsgögn ég á að kaupa?

- listi yfir námsgögn birtist í INNU

Hvar get ég borðað í hádeginu?

- flest borða í mötuneyti heimavistar
- hægt er að kaupa (og fylla á) 10 skipta kort fyrir mötuneytið í afgreiðslu skólans
- hægt er að skrá sig í fast fæði í hádeginu í mötuneytinu á ma.is (umsóknareyðublað á forsíðu ma.is: mötuneyti)
- heimavistarbúar sækja um á heimavist.is
- á veturna er rekin sjoppa í Kvosinni í umsjón 3. bekkinga. Hún er opin í löngu frímínútunum og hádegishléi

Er skyldumæting í tíma?

- Það er skyldumæting í allar kennslustundir og kennarar skrá mætingu í INNU

Ef ég veikist?

- Forráðafólk getur skráð veikindi í INNU (að morgni dags), sent tölvupóst á afgreidsla@ma.is eða hringt í síma 455-1555
- Ef nemandi missir af prófi/verkefni vegna veikinda þarf að láta kennarann vita eða tala við hann um leið og komið er í skólann aftur

Ef ég þarf leyfi?

- Sækja þarf skriflega um leyfi sem vara lengur en einn dag með því að fylla út eyðublað. Hægt er að skila eyðublaðinu í afgreiðslu skólans eða til aðstoðarskólameistari. Nemendur fá fjarvistastig vegna leyfa en með skýringu. Leyfisblaðið er í afgreiðslu skólans og á forsíðu ma.is
- Það eru ekki gefin fjarvistastig vegna íþróttaferða (merkt sem Í í INNU). Forráðafólk og þjálfarar geta óskað eftir leyfi vegna íþrótta með því að senda póst á afgreidsla@ma.is eða sag@ma.is

Ef ég hef lokið áfanga í grunnskóla eða hef spurningar um námsferil og stundaskrá?

- Brautastjórar hafa umsjón með námsferli nemenda, t.d. ef þarf að bæta við áfanga í stundatöflu eða taka út áfanga. Alma (alma@ma.is) sér um mála- og menningarbraut, félagsgreinabraut og kjörnámsbrautir. Valdís (valdis@ma.is) sér um heilbrigðis-, náttúrufræði- og raungreina- og tæknibraut. Skrifstofa þeirra er í kjallara Gamla skóla

Ef ég þarf að hitta námsráðgjafa eða skólasálfræðing?

- Heimir og Lena eru náms- og starfsráðgjafar skólans og Kristín Elva er skólasálfræðingur. Þau eru með skrifstofur í kjallara Gamla skóla. Hægt er að koma við eða panta tíma með því að senda póst á namsradgjof@ma.is

Læstir skápar

- Það er hægt að leigja læsta skápa í skólanum. Lyklar fást í afgreiðslu. Skápagjaldið er 5000 kr en 4000 kr fást endurgreiddar þegar lyklinum er skilað

Húsnæði skólans

- Skólinn skiptist í þrjár byggingar sem tengjast með göngum
- Í stundatöflunni eru kennslustofur merktar með G (Gamli skóli), H (Hólar) og M (Möðruvellir)
- Íþróttahús skólans er kallað Fjósíð